

Skýrsla Húsnæðisnefndar

Húsnæðisnefnd, starfsárið 2016

Össur Imsland (*oimsland<hja>gmail.com*), formaður - 8661866

Páll Gestsson (*pall.gestsson<hja>gmail.com*), umsjón Nauthólsvík - 6641807

Gunnar Ingi Gunnarsson (*gunnar.ingi<hja>mosverjar.is*) - 8993055

Einar Sveinn Magnússon (*esm<hja>pfaff.is*) - 6598196

Sigurjón Magnússon (*sigurjonmagnusson<hja>gmail.com*) - 8599678

Þóra Atladóttir, (*thoraalt<hja>hotmail.com*) – búnaðarstjóri - 6590099

Þorsteinn Guðmundsson, (*kayak<hja>islandia.is*) - 8639107

Þorsteinn Sæmundsson, (*steinis<hja>hi.is*) - 8592226

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í málum er tengjast framtíðaraðstöðu klúbbsins. Klúbburinn hefur aðstöðu á þremur stöðum. Í sundlauginni í Laugardal, í Nauthólsvík og á Eiðinu við Geldinganes.


Í **sundlauginni í Laugardalnum** höfum við fengið að geyma báta í kjallara innilaugarinnar. Þetta eru mest straumvatnsbátar sem eru notaðir við æfingar og kennslu í innilauginni. Þessa aðstöðu fáum við án endurgjalds. Engar breytingar hafa verið á þessu á síðastu árum.

Í **Nauthólsvík** leigjum við aðstöðu af Siglingaklúbbnum Brokey. Þar eru pláss fyrir ca. 35 báta ásamt aðgengi að búningasklefum og sturtum. Leigan sem við borgum þar er nokkurn veginn á pari við þau geymslugjöld sem innheimtast þannig að þau standa nánast undir leigukostnaði. Nokkur pláss eru oftast laus í Nauthólsvík. Páll Gestsson hefur séð um aðstöðuna í Nauthólsvík. Heyrst hafa raddir um það að Siglingaklúbburinn hafi hug á að nýta sjálfir það pláss sem við höfum haft hjá þeim á leigu. Þessar raddir hafa verið á kreiki í nokkur ár en við gætum við átt von á að vera úthýst þaðan.

Höfuðstöðvar Kayakklúbbsins eru á Eiðinu við Geldinganes.

Aðstaðan samanstendur af í dag 13 gámaeiningum, fjórum 20 feta einangruðum aðstöðu gámum, kaffigám, sturtu-, og búnaðargám, kvennaklefa, og karlarlaklefa, sjö 20 feta kayakgeymslugámum, og tveggja 40 feta kayakgeymslumgámum. kayakgeymslugámarnir reiknast til að hýsa max. 9x20 sjókayakbáta eða alls 180 sjókayakbáta. Auk þessa eru félagsbátar í helming annars 40 feta gámsins og sit on top bátar í helming hins 40 feta gámsins og eru þeir settir eru í hliðarpláss sitt hvoru megin með gönguleið á milli.

Útreikningar þessir miðast við að 4 bátar séu í röð í herjum gám og 5 raðir á hæðina eða alls 20 sjókayakbátar í gám. Þar sem sit on top bátar eru nást einungis 3 bátar í röð per hæð og þeir allra breiðustu taka það mikið til sín að raða verður tveim SOT bátum með einum sjókajak til að ná 3 bátum per röð. Ef gámur er fylltur á þann veg nást einungis 15 bátar per gám. Í dag er fyrirkomulagið þannig að reynt hefur verið að hliðra til eftir fremsta megni í öðrum 40 feta gámum þannig að sit on top bátarnir séu að mestu þar. Ef pláss losna er reynt að hliðra til þannig að til verði pláss fyrir báðar bátategundirnar. Þetta er




Teikning af aðstöðunni 2016 (13 gámar)

töluvert bras sérstaklega vegna þessa að menn telja sig eiga það pláss sem þeim hefur verið úthlutað og bregðast misjafnleg við ef menn eru beðið er um að færa sig til í plássum og jafnvel gámum.

Staða geymsluplássa á Geldinganesi

Staðan er þannig núna í febrúar að ekkert pláss er laust og ca. 20 manns á biðlista eftir pláss. Hafa ber þó í huga að árið 2015 voru laus ca. 5-8 pláss þangar til þeim var svo úthlutað á einu breitt í lok þess árs. Ekki hefur verið fjölgað gámum hjá okkur síðan í janúar 2014 og leysti það geymsluvandann þá en nú stendur til að fjölga um tvo gáma og hefur verið lögð inn pöntun á þeim. Líklegt er að við fáum þá gáma ekki fyrr en með vorinu 2017 en með þeim aðgerðum ætti að vera tryggt að við náum að útluta þeim félögum sem núm eru á biðlista auk þess að eiga ca. 20 laus pláss. Reiknað er einnig með að á þessu ári endyrnjum við með nýrri umsókn stöðuleyfið sem gildir fyrir þessa aðstöðu okkar. Það er mat formanns húsnæðisnefndar að með þessari fjölgun gáma á svæðinu séum við komin að þolmörkum með þann fjölda gáma sem við komum á svæðið.



Teikning af aðstöðunni 2017 (15 gámar)

Umhverfið og snyrtimennskan í fyrirrúmi

Nefndin hefur á síðasta ári sem endranær lagt mikið upp úr því að halda gámunum og nær umhverfi þeirra eins snyrtilegu og nokkur kostur er. Á síðasta ári voru ýmsar viðhaldsframkvæmdir sem allar miðuðu að því að fegra, snyrta og bæta aðstöðuna okkar. Gámarnir voru heilmálaðir og farið var í að bæta fyllinguna sunnan við gámanna bæði til að byggja undir þar sem nýjir gámar eiga að koma auk þess að búa til betra svæði sem bílastæði en þegar fjölmennustu róðrardagarnir lenda á stórstreymi er oft erfitt að finna sér bílastæði við svæðið. Teikningin hér að neðan sýnir hvar hugmyndin er að setja tvo nýja gáma sem væntenlegir eru með vorinu.



Vinnudagurinn á vorinn hefur fest sig í sessi sem algjörlega nauðsynlegur bæði gagnvart því að koma aðstöðunni í stand og líka til að bragða á þessu dýrlegu kótlettum hans Inga sem þeir félagarnir Ingi og Einar Sveinn hafa galdrað ofan í okkur að vinnudýrin að vinnudegi loknum. Þrekvirki unnið þennan dag þetta árið eins og ávalt og klárt að margar hendur vinna létt verk. Þar ber að nefna að gámar voru ryðhreinsaðir og blettmálaðir og gerðir klárir undir heilmálun. Gámarnir voru svo heilsprautaðir um sumarið. Borið var í pallinn og rekkverk. Rusl á nærsvæði við gáma tínt. Yfirfarnir lásar á gámum og hurðir smurðar og liðkaðar. Almenn tiltekt og þrif í aðstöðunni, nýja flóðlýsingin á svæðinu við pallinn og gámana var tengd og tendruð á árinu og lýsir nú skærara en friðarsúlan í Viðey. Ekki má svo gleyma því að af sjálfsögðu sáu þeir snillarnir Einar og Ingi til þess að grillað var í múginn og etið kótlettur í lok dags eins og enginn yrði morgundagurinn ☺

Ákveðið var af formanni kótlettuklúbbsins að veita þeim félagum heiðursbikar kótlettuklúbbsins sem þeir sjást svo stoltir með á myndinni hér að neðan. Gaman að þessum árangri þeirra félaganna.



Búnaður klúbbsins var mikið til endurnýjaður 2014 og er í ágætu standi. Klúbburinn á fimm Valley Aquanaut Club báta, fjóra rauða og einn gulan, einn rauðan Point 65 Five O Five, eitt hvítt Surfski, einn hvítan gamlan trefjabát, auk þess sem keyptur var nýr blár Romany plastari 2016. Slatti var keypt af fatnaði 2014, s.s blautbúningar, toppar, vesti og svuntur þannig að klúbburinn er nokkuð vel græjaður til að taka á móti nýliðum og aðstoða menn við að komast af stað í sportinu.


Leiðbeiningar um umgengni aðstöðu Kayakklúbbsins eru aðgengilegar á heimasíðunni undir flípanum KLÚBBURINN. Innleiddar voru nýjar reglur bátageymslna Kayakklúbbsins í Geldinganesi og tóku þær gildi frá og með 1. maí 2016. Reglur þessar eru jafnframt aðgengilegar á heimasíðu klúbbsins.

Aðgangskerfið sem sett var í gámana veturinn 2012 hefur reynt okkur vel og fá nú nýjir félagsmenn eingöngu úthlutuðum innhringiaðgangi. Þetta kerfi hefur sannað gildi sitt og auðveldar mjög alla umsýslu með aðgangi félagsmanna auk þess að betri stjórnun næst á hverjir hafa aðgang að aðstöðunni. Mjög auðvelt er að loka aðgangi á félagsmenn gerist þess þörf.

Framtíðarstaðsetning klúbbsins:



Núverandi gámabyggð á loftmynd



Hugmynd af höfuðstöðvum klúbbsins, staðsetning á svipuðum stað og núverandi gámabyggð

Lítið hefur verið unnið í framtíðarmálum húsnæðis Kayakklúbbsins. Hvar við fáum að vera í framtíðinni er óljóst og margir þættir sem spila inn í þá ákvörðun. Meðan stjórn klúbbsins tekur ekki ákvörðun um annað vinnur húsnæðisnefnd með það að markmiði að við fáum framtíðar byggingarleyfi fyrir höfuðstöðum Kayakklúbbsins á Eiðinu við Geldingarnes. Ljóst er hinsvegar að lega Sundabrautar hefur áhrif á það hvort Eiðið er örugglega hinn eini sanni staður sem við viljum vera á í komandi framtíð.

Sótt var um byggingarleyfi í desember 2013 og vorum við með því með leyfi fyrir aðstöðuna okkar til 17. desember 2014. Ekki er hægt að hálfu borgaryfirvalda að veita varanlegt byggingarleyfi á lóð sem ekki er til. Þess vegna er einungis veitt stöðuleyfi sem gildir í eitt ár í senn. Reglur kveða á um að endurnýja skuli stöðuleyfið á hverju ári. Reiknað er með að endurnýja stöðuleyfið á þessu ári með nýrri umsókn.

Fyrir hönd húsnæðisnefndar, feb 2016, Össur Imsland.


Til fróðleiks um skipulagsmál sem á enn við fyrir þá sem hafa gaman af þeim málum.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var samþykkt í borgarstjórn hinn 26. nóvember 2013. Hægt er að skoða bæði skipulagið í heild og einnig einstaka kafla sem gæti verið auðveldara þar sem um nokkuð þung skjöl er að ræða. Sjá nánar <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur>

Hér má sjá staðsetningu Sundabrautar og hvað áhrif hún gæti haft á róðrarsvæðið okkar.

Þéttbýlisuppráttur Grafarvogur - borgarhluti 8



Hluti af sveitarfélagsupprætti

